

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps,
þéttbýlið að Borg norðan Biskupstungnabrautar.**

Skipulagsstofnun staðfesti 23. september 2021 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. september 2021.

Í breytingunni felst að íbúðarbyggð (ÍB2) í þéttbýlinu að Borg er breytt í útivistarsvæði (Ú7) og landbúnaðarsvæði. Blönduð byggð (A1/ÍB3) fellur að hluta undir ÍB1 en hluti svæðis verður athafnasvæði (A1). ÍB4 stækkar, skilgreint er nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF1) fyrir tjaldsvæðið og sett skýrari skipulagsákvæði fyrir landnotkunarflokka. Legu fyrirhugaðra gatna innan þéttbýlisins er breytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 23. september 2021.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. október 2021